

EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Kirkjuvogur Höfnum



Dags eftirlits	16.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Rúnar, Ella Kristín og Júlía	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Rafn, Ólína og Karen	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Fosfórlosun árið 2023 var umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi. 2) Fosfórlosun árið 2024 var umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi.

Tvær ábendingar voru settar fram: 1) Tryggja þarf að réttar upplýsingar komi fram í þeim gögnum sem eru send eftirlitsaðila. 2) Laga þarf frágang við niðurfall í rými þar sem varaafstöð rekstraraðila er.

Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kirkjuvogi. Benchmark Kirkjuvogi er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 6. maí 2037. Starfsleyfið tekur til eldis með 90 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð (farin 12. júní)

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Ekkert frávik kom fram í síðasta eftirliti, árið 2023. Tvær ábendingar voru gerðar þá, sem brugðist hefur verið við og er því ekki tilefni til eftirfylgni.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað 29. apríl 2024 og ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað 30. apríl 2025. Rekstraraðila er bent á að tryggja þarf að réttar upplýsingar komi fram í ársyfirliti, en nokkuð bar á misræmi í þeim gögnum sem bárust eftirlitsaðila. Samkvæmt útreikningum eftirlitsaðila var losun rekstraraðila á fosfór árið 2023, 12,1 kg/tonn af lífmassaaukningu og losunin árið 2024 var 13,9 kg/tonn af lífmassaaukningu. Samkvæmt starfsleyfi er heimiluð losun 10,0 kg/tonn af lífmassaaukningu og er því skráð frávik vegna hvors árs.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Þar sem engin olfuskilja er í húsnæði rekstraraðila er lítið svo á að leiðbeiningarnar séu til kynningar.

- Önnur mál

Farið var yfir að með breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald var m.a. reglugerð nr. 851/2002 um

grænt bókhald felld úr gildi. Eftir breytinguna er krafa um að allar fiskeldisstöðvar skili upplýsingum skv. reglugerðinni.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Í rými þar sem varaafstöð rekstraraðila er, er niðurfall sem ekki hefur verið gengið frá með fullnægjandi hætti og er rekstraraðila bent á að bæta úr t.d. með því að loka niðurfallinu eða setja á það upphækkun svo olía eigi ekki greiða leið um það út í umhverfið. Efni eru geymd á viðunandi hátt og eru öryggisblöð til staðar. Útrásir stöðvarinnar voru skoðaðar og eru engar athugasemdir gerðar við umgengni við þær.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 3.4 í starfsleyfi

Fosfórlosun árið 2023 var umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi.

Gr. 3.4 í starfsleyfi

Fosfórlosun árið 2024 var umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi.


ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Tryggja þarf að réttar upplýsingar komi fram í þeim gögnum sem eru send eftirlitsaðila. 2) Laga þarf frágang við niðurfall í rými þar sem varaafstöð rekstraraðila er.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.08.2025



Freyr Avarsson